

Á morgun verður sýningin Garðhúsabær opnuð á Kjarvalsstöðum. Þar gefur að líta teikningar og líkön af garðhúsum eftir 17 af kunnustu arkitektum heimsins. Einnig voru 27 ellefu ára krakkar úr Korpuskóla fengnir til að spreyta sig. Öllum að övörum fóru krakkarnir langt fram úr arkitektunum í þælingum.

Börninn skáka reynsluboltunum

Yfirskrift sýningarinnar, Garðhúsabærinn eða Kolonihaven, skírskotar til lítilla húsa sem margir Íslendingar reistu sér á sérstökum ræktunarlöndum um miðbik 20. aldar. Þar sem Kringlan stendur nú var m.a. þyrping af garðblettum og skýlum og myndaðist þar á sumrin lítið samfélag garðhúsaeigenda. Þetta þekkist hjá öðrum þjóðum, þ. á m. hjá heimabjóð guðmóður sýningarinnar, Kirsten Kiser, sem setur sýninguna upp á Kjarvalsstöðum.

Bandarísk stjarna

Kirsten opnaði sýninguna fyrst í Kaupmannahöfn '96. Síðan hefur hún einnig flakkað til Stokkhólms. Í bæði skiptin báru borgirnar Menningarborgartitil Evrópu. Það lá því beinast við að næsti viðkomustaður sýningarinnar yrði Reykjavík í ár. Sautján arkitektar sýna á Kjarvalsstöðum líkön af garðhúsum sínum og teikning-

ar. Margir þeirra eru vel þekktir í arkitektahæiminum en þar ber helst að nefna hinn bandaríska Frank O. Gehry en stjarna hans hefur risið hátt upp á síðkastið. Arkitektarnir koma víðs vegar að, frá Íslandi, Sviss, Svíþjóð, Finnlandi, Japan, Þýskalandi, Bretlandi, Spáni og Portúgal.

Fulltrúar Íslands í Garðhúsabæ eru arkitektarnir Hjördís Sigurgísladóttir og Dennis Jóhannesson. Arkitektafélag Íslands efndi til samkeppni um íslenskt garðhús í tilefni af komu sýningarinnar. Hjördís og Dennis báru sigur úr þýtum og mun garðhús þeirra, Hús árstíðanna, verða reist í fullri stærð á Kjarvalsstöðum.


Masókistahúsið

Helsta nýmælið á sýningunni er arkitektúr yngstu kynslóðarinnar á Íslandi sem sannarlega kemur á óvart. Þar koma við sögu 27 nemendur í 5. og 6. bekk Korpuskóla sem hafa unnið með arkitektinum Örn Mathiesen og kennurunum Arndís Hilmarsdóttur og Jóhönnu Þ. Ingimarsdóttur.

Verk barnanna eru til sýnis á ganginum á Kjarvalsstöðum en arkitektarnir sýna í Vestursal. Sýningin verður opnuð á morgun og stendur til 23. júlí. Á opnuninni verða viðstaddir arkitektarnir Karina Tengberg frá Danmörku, Josef Paul Kleihues frá Þýskalandi og Hakkinen & Komonen frá Finnlandi. Að auki mæta arkitektagagnrýndurnir Rebecka Tarschys frá Dagens Nyheter í Stokkhólmi og Nicolai Ouroussoff frá Los Angeles Times auk ljósmyndarans Jonathans Beckers frá Vanity Fair. Að Garðhúsabænum standa Reykjavík menningarborg 2000, Listahátíð í Reykjavík og Arkitektafélag Íslands.

Hér gefur að líta „hryllingshúsið“ eftir ungan Korpuskæling. Það er sérhannað fyrir masókista.

Hús árstíðanna eftir Hjördís Sigurgísladóttur og Dennis Jóhannesson, sigurvegara keppni Arkitektafélags Íslands.



ur að hugmynd um Garðhúsabæ. Útfærsla nemendanna fór langt fram úr villtustu hugmyndum arkitekta almennt, bæði hvað varðar efnisnotkun og hugmyndaðegan bakgrunn húsanna. Einn drengur bjó til dæmis til hryllingshús fyrir masókista, umkringt legsteinum, annar gerði fótboltahus fyrir erkisportista og þar fram eftir götunum. Krakkarnir voru ófeimnir við að fara alla leið og notuðu plaströr, sykurmola, leir, vír, pappa og spegla til að koma hugmyndunum í verk. Frumlegri og óhamdari arkitektúr gefur varla að líta en líkönin verða öll til sýnis, auk þess sem nemendur skýra hugmyndina að baki húsunum á myndbandi.

Verk barnanna eru til sýnis á ganginum á Kjarvalsstöðum en arkitektarnir sýna í Vestursal. Sýningin verður opnuð á morgun og stendur til 23. júlí.

Á opnuninni verða viðstaddir arkitektarnir Karina Tengberg frá Danmörku, Josef Paul Kleihues frá Þýskalandi og Hakkinen & Komonen frá Finnlandi. Að auki mæta arkitektagagnrýndurnir Rebecka Tarschys frá Dagens Nyheter í Stokkhólmi og Nicolai Ouroussoff frá Los Angeles Times auk ljósmyndarans Jonathans Beckers frá Vanity Fair. Að Garðhúsabænum standa Reykjavík menningarborg 2000, Listahátíð í Reykjavík og Arkitektafélag Íslands.

bió


Bióbörgin

Three to Tango Matthew Perry er mættur sem Chandler í arkitektagervi. Sýnd kl.: 4, 6, 8, 10

Story of us ★ The Story of Us er misheppnuð kvikmynd þar sem við fylgjumst með hjónabandsferðleikum millistettarfólks sem þolir ekki hvað annað lengur. -HK Sýnd kl.: 4

Any Given Sunday

Any Given Sunday er stíllt upp sem nútíma-hringleikum, með blóði, svíta og tárur á leikvellingum en baktjaldamakki, brostnum vonum og gjálfi utan vallar. -AS Sýnd kl.: 5.15, 8, 10.45



Man on the Moon ★★ Milos Forman heldur þétt og örugglega utan um frásögnina og virðist vera á góðri siglingu þessi. -AS Sýnd kl.: 5.45, 8, 10.10

Bióhöllin

Three to Tango Sjá Bióbörgin. Sýnd kl.: 4, 6, 8, 10

Brokedown Palace ★★ Myndin er brokkeng, hún er áhrifamikil þegar best lætur en á stundum einnig fullyrðisþekkt. -HK Sýnd kl.: 4, 6, 8, 10

Mission to Mars ★★ Miðað við að um geimóperu er að ræða fá góðir leikarar með þá Gary Sinise og Tim Robbins í farabroddi óvenju mikinn texta sem þeir fara vel með þótt ekki sé hægt að segja að hann sé alltaf gáfulegur. -HK Sýnd kl.: 10.10

Stuart Little ★★ Þótt Stuart líti sé ekki teiknimynd gengur hún fyrir sömu lögmálum. -BÆN Sýnd kl.: 4, 6

Mystery, Alaska ★★ Það er í rauninni ekkert í Mystery, Alaska, sem kemur á óvart. -HK Sýnd kl.: 3.45, 5.55, 8

Deuce Bigelow ★★ Grínmyndir sem ganga út það að henda gaman að öðrum kvikmyndum hafa fyrir margt löngu tapað sjarna sínum. -BÆN Sýnd kl.: 8, 10

Million Dollar Hotel Leikstýrt af Wim Wenders. Sýnd kl.: 3.40, 5.50, 8, 10.15

Any Given Sunday ★★ Sjá Bióbörgin. Sýnd kl.: 6, 10

Háskólabíó

I Kina spiser de hunde Klassamynd frá frændum vorum Dönum. Sýnd kl.: 6, 8, 10

Angela's Ashes ★★ Áhrifamikil kvikmynd. -HK Sýnd kl.: 5.20, 8

Ghost Dog: Way of the Samurai ★★★ Það er Forest Whitaker sem leikur hundinn og gerir það fantavel. -BÆN Sýnd kl.: 5.30, 8, 10.30

Gladiator ★★★ Sagan er fyrirsjáanleg og handritið oft á töum klisjukennt. -HK Sýnd kl.: 5, 8, 10.50



For Love of the Game ★ Ekki mun þessi lækna mörg sár því myndin er mislukkuð rómantísk della. -HK Sýnd kl.: 10.40

Being John Malkovich ★★★★★ Innblásin mynd þar sem ímyndunarafliu er gefinn algerlega laus taumurinn. -AS Sýnd kl.: 10.50

Microcosmos ★★★ Greinilegt er að mikill metnaður hefur verið lagður í gerð þessarar kvikmyndar. -HK Sýnd kl.: 8

Englar alheimsins ★★★ Góð mynd. -HK Sýnd kl.: 8 Kringlubíó

Three to Tango Sjá Bióbörgin. Sýnd kl.: 4, 6, 8, 10

Splendor ★★ Mynd í ætt við Threesome og Chasing Amy. -BÆN Sýnd kl.: 4, 6, 8, 10

Toy Story 2 ★★★ Þetta framhald fyrstu Leikfangasögunnar er. -AS Sýnd kl.: 4

The Limey ★★★ Svöl ræma. -AS Sýnd kl.: 6, 8, 10 Laugarásbíó

Gladiator ★★★ Sjá Háskólabíó. -HK Sýnd kl.: 5, 8, 10.15

Erin Brockovitch ★★ Hér er rólið á frekar gamalkunnug mið. -AS Sýnd kl.: 5.15, 8, 10.30

Final Destination ★★ Stundum er ekki annað hægt en að brosa að vitleysunni. -HK Sýnd kl.: 4, 6, 8, 10

Regnboginn

Million Dollar Hotel Leikstýrt af Wim Wenders. Sýnd kl.: 5.45, 8, 10.20

Down to you ★ Down to You gerir ýmsar tilraunir til að brjóta upp form gelgjumynda. -BÆN

Holy Smoke ★★ Dæmisaga um leitina að ástinni og hreinskilninni. -AS Sýnd kl.: 5.30, 8, 10.20

Dogma ★★★ Dogma er saga sem hreyfir við áhorfandanum. -AS Sýnd kl.: 5.30, 8, 10.30

Boys Don't Cry ★★★ Þótt Boys Don't Cry sé ekki heimildarmynd sem slík er hún trú efninu þó eflaust sé ýmislegt fært í stílinn. -BÆN Sýnd kl.: 5.30, 8, 10.20

Stjörnubíó

Hanging Up Mynd úr smíðu Ephron-systuranna. Sýnd kl.: 6, 8, 10

Erin Brockovitch ★★ Sjá Regnboginn. Sýnd kl.: 8, 10.20

Stuart Little ★★ Sjá Bióhöllin. Sýnd kl.: 6

nýtt í bíó

101 Reykjavík er frumsýnd í Sambíóunum á miðvikudaginn.

Það eru margar stjórnur í þessari mynd

Þar sem litlar fréttir hafa borist úr herbúðum 101 Reykjavík varðandi frumsýninguna á hinu svokallaða „auteur“-verki gulldrengsins Baltasars Kormáks er eiginlega voðalega lítið hægt að segja um myndina. Við vitum öll að Victoria Abril leikur í henni ásamt Hilmi Snæ Guðnasyni og landsliði kúlaranna. Við vitum líka að Ingvar Þórðarson framleiðir myndina ásamt Balta. En þeir félagar hafa áður framleitt Flopp í Reykjavík þó allt virðist benda til þess að nú fái þeir uppreisn æru í bíóbransanum og meiki það jafnvel í útlöndum.

Það sem Fókus lék forvitni á að vita var hvort einhver hefur séð myndina. Dauðaleit var gerð af sjáendum og fyrir tilviljun var Hallgrímur Helgason, höfundur skáldsögunnar 101 Reykjavík, króaður af í húsasundi og settar á hann þumalskrúfur.

Ertu búinn að sjá ræmuna hans Balta?

„Jú, ég hef séð hana,“ svarar Hallgrímur og virðist ekki ætla að segja neitt meira.

Og hvað?

„Hún er mjög fin.“

Eins og þú bjóst við? „Já, nokkurn veginn. Svona eftir að ég las handritið og heyrði hverjir áttu að leika í henni. Þá vissi ég að hún yrði alltöðruvísi en bókin.“

En erum við að heyra setningarnar þínar þarna?

„Já, já. Og sjá persónurnar og framvindu sögunnar.“

Hvað með stjórnur?

„Stjórnur. Viltu að ég fari að gefa henni stjórnur,“ segir Hallgrímur og

hlær. „Það eru margar stjórnur í þessari mynd.“

En ertu ánægður með hvernig Balti gerði þetta?

„Já. Hann er búinn að gera mjög góða bíómynd og ég get ekki verið ánægðari.“

Þú hefur aldrei verið efins um að Balti og Ingvar myndu klára þetta?

„Nei, þessir strákar hafa alltaf gert allt sem þeir ætla sér að gera,“ segir Hallgrímur og þarf þá eiginlega að fara.



101 Reykjavík er frumsýnd á miðvikudag en forsýnd á miðnætti í kvöld, í Bióhöllinni.

8 staðir á Íslandi

Reykjavík: Austurstræti 3, Suðurlandsbr. 46, Esso-stöðin Ártúnshöfða & Kringlunni. Hafnarfjörður: Esso-stöðin, Lækjargötu 46, Esso-stöðin, Reykjavíkurvegi 54. Keflavík: Hafnargötu 32. Akureyri: Kaupvangsstr. 1.

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.